

**SAMFÉLAGSSKÝRSLA
KRÓNUNNAR
2019**

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-----|-------------------------------------------|----|
| 1. | Inngangur | 3 |
| 2. | Umhverfismál | 8 |
| 3. | Lýðheilsa | 18 |
| 4. | Upplýst val | 22 |
| 5. | Við elskum jafnrétti | 25 |
| 6. | Við og samfélagið | 31 |
| 7. | Í alvöru - takk | 34 |
| 8. | Við elskum nýsköpun | 36 |
| 9. | Góðir stjórnarhættir | 40 |
| 10. | Krónan í framtíðinni | 43 |
| 11. | Yfirlitstöflur, ítarefni og hugtakanotkun | 46 |



1. INNGANGUR

VIÐ
♥
VIRKA
SAMKEPPNI

HEILSUMST

VIÐ
♥
VIRKA
SAMKEPPNI

NYTT



Í ALVÖRU ÁVARP FRAMKVÆMDA- STJÓRA KRÓNUNNAR

Það er mikið fagnaðarefni að birta í fyrsta sinn samfélagskýrslu Krónunnar. Við viljum hafa áhrif til góðs og sýna samfélagslega ábyrgð í verki – alltaf. Krónan er svo heppin að hafa frábært starfsfólk og er samfélagsábyrgð sameiginleg ábyrgð okkar allra. Það er því ekki ákveðinn starfsmaður eða deild sem sinnir samfélagslegri ábyrgð fyrir okkar hönd, heldur er það allt Krónuliðið sem hefur aðkomu, sem skilar sér í fjölmörgum tillögum og aðgerðum á sviði lýðheilsu og umhverfismála. Þar hefur einlægur áhugi starfsmanna og svo samtöl við allt okkar fólk, birgja og viðskiptavini leikið lykilhlutverk.

Árið 2019 fengum við fjölmargar viðurkenningar vegna stefnu og aðgerða okkar í samfélagslegri ábyrgð, fyrst Kuðunginn frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, tilnefningu til Fjöreggsins frá Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands og Framtak ársins frá Samtökum atvinnulífsins, fyrir að hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar. Við erum gríðarlega þakklát fyrir þessar viðurkenningar sem hvetja okkur til að gera enn betur. Við ætlum að hafa áhrif til góðs og vinnum stöðugt í því að sýna það í verki.

Við náðum einnig þeim merka áfanga að tvær verslanir okkar, Krónan í Garðabæ og Árbæ, urðu fyrstu matvöruverslanir á Íslandi til að hljóta Svansvottun og á þessu ári stefnum við að því að allar verslanir okkar verði Svansvottaðar. Vottunin er okkur gríðarlega mikilvæg vegna þess að henni fylgja viðmið í fjölmörgum málum er varða samfélagslega ábyrgð. Við þurfum

til dæmis að tryggja að ákveðið hlutfall af vörum í verslunum okkar séu lífrænar og umhverfisvottaðar. Lágmarka þarf orku-notkun og matarsóun og svo mætti lengi telja. Svansvottun er ekki endanleg, ef við vinnum ekki stöðugt í markmiðum okkar gætum við misst hana. Hún veitir okkur því gott aðhald; að halda áfram á þeirri braut sem við erum á.

Á undanförunum árum höfum við eignast fjölmarga skemmtilega samstarfsaðila í samfélagslegri ábyrgð. Þannig tókum við upp samstarf við Plastplan á árinu, sem hefur nýtt plast sem fellur til í verslun okkar á Granda og búið til úr því kassaskiljur fyrir allar verslanir Krónunnar. Síðasta haust vorum við svo með bændamarkað í verslunum Krónunnar með nýrri uppskeru af íslensku grænmeti. Þar erum við að koma til móts við þarfir viðskiptavina með því að bjóða íslenskt grænmeti umbúðalaust. Við erum stöðugt að leita leiða til að draga úr umbúðum og er bændamarkaðurinn mikilvægur í þeirri vegferð því það að taka út umbúðir á ávöxtum og grænmeti má ekki valda aukinni matarsóun.

Lífið er samt ekki bara tóm verðlaun. Það gengur á ýmsu og stundum misstígum við okkur. Mat hefur verið hent fyrir mistök sem hefði mátt selja í gegnum „Minnkum matarsóun“ og við höfum oft þurft að setjast yfir ferla okkar innanhúss og hugsa upp á nýtt hvernig við getum gert betur. Hér skiptir öllu máli að draga af þessu einhvern lærdóm og nýta reynsluna til góðs.

Það höfum við sannarlega reynt að gera hjá okkur, að vera óhrædd við að viðurkenna mistök okkar og nýta þau til að gera betur.

Verkefni ársins 2020 eru mörg og spennandi. Við erum að hefja samstarf við Pure North Recycling um endurvinnslu á Íslandi á öllu plasti sem til fellur í verslunum Krónunnar. Við ætlum að halda áfram að skoða leiðir og vinna áfram innanhúss með birgjum okkar til að hvetja til umhverfissvænni umbúða eða selja fleiri vörur umbúðalausar hjá okkur. Einnig ætlum við að Svansvotta allar verslanir Krónunnar og með haustinu, þegar birgðir okkar klárast, verða allir einnota plastburðarpokar úr sögunni. Þá verður einungis hægt að velja um pappírspoka eða fjölnota burðarpoka. Allt þetta væri ekki mögulegt án okkar fjölmörgu samstarfsaðila. Það er í samtali við starfsfólk, viðskiptavini og birgja sem við finnum nýjar leiðir og hugmyndir vakna. Því vil ég að lokum þakka þeim öllum. Takk fyrir að vera með okkur á vegferðinni, saman getum við gert svo miklu meira.

Gréta María Grétarsdóttir,
framkvæmdastjóri Krónunnar.

“**Það er í samtali við starfsfólk, viðskiptavini og birgja sem við finnum nýjar leiðir og hugmyndir vakna.**”



KRÓNAN EINFALDAR LÍFIÐ

Krónan er mikilvægur þátttakandi í samfélaginu og við gerum okkur grein fyrir því að í krafti stærðar getum við haft áhrif til góðs. Við höfum unnið eftir áherslum samfélagslegrar ábyrgðar í allmörg ár, sem hefur fyrst og fremst verið drifið áfram af ástríðu og einlægum áhuga starfsmanna, frekar en skjalfestum markmiðum. Við viljum gera okkar besta fyrir samfélagið. Við reynum líka að draga úr umhverfisáhrifum okkar, bjóða upp á hollari valkosti og efla lýðheilsu – allt í samstarfi við viðskiptavini okkar. Þannig leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar í baráttunni fyrir betri heimi. Á hverju ári veitum við styrki til góðgerðarmála og gerum okkar besta til þess að efla heilsu og hreysti unga fólksins.

Loforð okkar til viðskiptavina og grunnurinn í starfsemi okkar er að keppa á verði og koma réttu vöruúrvali til viðskiptavina á eins ódýran hátt og mögulegt er. Sérstaða okkar er umhverfisvernd, lýðheilsa og upplýst val.

Í byrjun árs 2019 hófumst við handa við að móta markmið okkar frekar og samræma Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í samræmi við kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Við teljum mikilvægt að leggja okkar af mörkum til samfélagsins í samræmi við þau markmið sem unnið er eftir á heimsvísu.

Við erum óhrædd við að prófa okkur áfram, að vera brautryðjendur og vinnum að því markmiði að móta matvöruverslun framtíðarinnar – allt til að einfalda líf viðskiptavina okkar.

“
Krónan er mikilvægur þátttakandi í samfélaginu og við gerum okkur grein fyrir því að í krafti stærðar getum við haft áhrif til góðs.”

ÞETTA ERU HEIMSMARKMIÐIN SEM VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:



PSST... Sjá töflu í itarefni

MARKMIÐ 2019 - Í ALVÖRU?

UMHVERFISVERND:

- ✓ MINNKA MATARSÓUN



- ✓ MINNKA UMFANG UMBÚÐA



- ✓ HÆTTA AÐ BJÓÐA SMÁ-POKA ÚR PLASTI Í GRÆNMETISDEILD



- ✓ SETJA UPP AFPÖKKUNAR-BORÐ



- ✓ AUKA HRINGRÁS PLASTS Í SAMSTARFI VIÐ PLASTPLAN



- ✓ MINNKA ÚRGANG OG AUKA FLOKKUNAR-HLUTFALL



- ✓ KRÓNAN VERÐI FYRST VERSLANA TIL AÐ FÁ SVANSVOTTUN



LÝÐHEILSA:

- ✓ DRAGA ÚR SYKURNEYSLU



- ✓ AUKA NEYSLU Á HOLLUSTU-VÖRUM



- ✓ BJÓÐA AÐEINS BLAND Í POKA Í ÁVAXTA-DEILDINN



- ✓ BJÓÐA ÁFRAM BÍTA FYRIR BÖRNIN



- ✓ STÆKKA ÁVAXTA- OG GRÆNMETIS-DEILDINA Í NÝJUSTU VERSLUNUM



- ✓ FRAMLEIÐA NÝ MAT-REIÐSLUMYNDBÖND FYRIR BÖRN, GERÐ AF BÖRNUM



UPPLÝSTVAL:

- ✓ STUÐLA AÐ ÁBYRGRI NEYSLU MEÐ MERKINGUM



- ✓ AUKA ÚRVAL OG AÐGENGI AÐ FERSKVÖRU



- ✓ FÆRA LÍFRÆNAR OG AÐRAR HEILSAMLEGAR VÖRUR ÚR SÉRGÖNGUM



- ✓ MIÐLA BETUR INNIHALDS-LÝSINGUM



2. UMHVERFISMÁL



Til að undirstrika áherslur okkar í

umhverfismálum og hjálpa okkur að mæla árangur af aðgerðum settum við upp tímalínu yfir aðgerðir á sviði samfélagslegrar ábyrgðar, ýmist verkefni sem þegar var lokið eða voru hluti af framtíðarmarkmiðum okkar. Við gerðum tímalínuna okkar aðgengilega á vefsvæði Krónunnar en markmiðið með því að opinbera tímalínuna var að opna á samtal við viðskiptavinum, hvetja þá til þess að senda okkur hugmyndir og upplýsa um þau skref sem við höfðum þegar tekið. Tímalínan er aðgengileg á vefnum okkar en þar er jafnframt að finna markmiðasetningu á sviði umhverfismála.

SÍÐASTI SÉNS

Mikilvægasta verkefnið okkar er að lágmarka alla matarsóun. Við viljum ekki henda neysluhæfum mat og því seljum við vörur sem eru komnar „á síðasta séns“ á lægra verði í „Síðasta séns“ prógramminu okkar. Ef varan selst heldur ekki á lægra verði bjóðum við viðskiptavinum okkar hana frítt. Það er svo ekki fyrr en varan er orðin óneysluhæf að hún er flokkuð í lífrænan úrgang.

Við hvetjum viðskiptavinum til að nýta grænmetið í naglasúpu og þreytta banana í bananabrauð – enda vitum við að þó bananinn virðist þreyttur að utan, er hann enn sætur að innan.

Með þessum aðgerðum dróst matarsóun í verslunum okkar saman um rúmlega helming fyrsta árið. Á síðasta ári minnkaði matarsóun um 48% og 460 þúsund einingar voru seldar með afslætti.



“
 Á síðasta ári minnkaði matarsóun um 48% og 460 þúsund einingar voru seldar með afslætti.”

FLOKKUNARMARKMIÐ

Árið 2019 voru sett flokkunarmarkmið fyrir verlanir Krónunnar. Þegar við settum okkur markmiðin byggðum við þau á þeim verslunum sem höfðu staðið sig sérstaklega vel og náð góðum árangri við sorpflokkun.

Klappir hafa reiknað út magn úrgangs frá starfsemi Krónunnar á grundvelli gagnastreymis frá Íslenska Gámafélaginu. Einnig hefur Íslenska Gámafélagið gefið út tölur um magn úrgangs í sérstakri umhverfisskýrslu.

Við fögnum frábærum árangri á árinu því 90% af verslunum Krónunnar náðu flokkunarmarkmiði fyrir 2020 ári á undan áætlun sem er 68,31% endurvinnsluhlutfall. Þegar kemur að flokkunarmarkmiði fyrir 2021 ná 70% verzlana endurvinnsluhlutfallinu 65% eða hærra.

Þessi árangur, að ná markmiðum okkar á undan áætlun, næst fyrst og fremst vegna óbilandi metnaðar og ástríðu allra sem starfa hjá Krónunni. Allra sem hafa lagst á eitt um að skapa einstaka flokkunarstemningu í fyrirtækinu í heild.

Árið 2019 minnkaði magn úrgangs til urðunar um 291 tonn. Með samanburði á magntölum frá fyrri árum er hægt að fá heildarsýn yfir flokkunarárangurinn og grípa inn í ef þörf er á í einstaka verslunum, svæðum eða flokkum og gera úrbætur. Heildarmagn helstu úrgangsflokka sem Íslenska Gámafélagið sótti til verzlana Krónunnar, Kr., Kjarvals og Nóatúns á árinu 2019 hefur minnkað um 112 tonn á milli ára, þrátt fyrir aukna veltu á milli ára. Stærsti hluti úrgangsins á síðasta ári var bylgjupappi og plast til endurvinnslu, eða samanlagt um 1.108 tonn.



Þann mun sem finna má í skýrslu Íslenska Gámafélagsins og í Klöppum má rekja til þess að vegna sameiginlegra gáma ELKO og Krónunnar er magn úrgangs Krónunnar metið á mismunandi hátt. Einnig hafa Klappir tekið með færri starfsstöðvar en Íslenska Gámafélagið. Samkvæmt Klöppum reiknaðist úrgangur 2.057.681 kg, þar af flokkaður úrgangur 1.405.327 og óflokkaður úrgangur 651.314 kg. Hlutfall flokkaðs úrgangs var 68,3%.

LÍFRÆN FLOKKUN JÓKST UM 105 TONN

Magn lífræna úrgangsins jókst töluvert á árinu, eða um 105 tonn á milli ára og mældist alls rúmlega 363 tonn árið 2019. Samanburð á flokkunarhlutfalli helstu úrgangsflokka frá 2016-2019 má sjá á mynd 2. Myndin sýnir greinilega mjög jákvæða þróun þar sem flokkunarhlutfall almenns úrgangs sem endar í urðun hefur fallið um 19% frá 2017. Á móti hefur flokkunarhlutfall lífræns úrgangs hækkað um 8% frá 2017 og flokkunarhlutfall bylgjupappa hefur hækkað um 10%.


FLOKKARI ÁRSINS

Krónan í Mosfellsbæ heldur titlinum „flokkari ársins“ milli ára með rúmlega 80% endurvinnsluhlutfall. Sú verzlun er sú eina sem nær undir 20% flokkunarhlutfall á almennum úrgangi sem endar í urðun. Aðrar verslanir standa sig einnig mjög vel í að flokka. Við erum afar stolt af því að allar verslanirnar sem mældar eru ná settu flokkunarmarkmiði fyrir árið 2019; 60% eða hærra endurvinnsluhlutfalli.


PAPPÍRSLAUS KRÓNA

Krónan stefnir að því að verða pappírslaut fyrirtæki. Við höfum því dregið svo um munar úr allri pappírnotkun og hvetjum birgja til rafrænna viðskipta. Árið 2016 hættum við að senda út prentaðan fjölpóst vikulega á öll íslensk heimili og við það sparast 92 tonn af pappír á ári.

MYND 1: HEILDARMAGN HELSTU ÚRGANGSFLOKKA Í KRÓNUNNI, KR OG NÓATÚNI 2016 - 2019



MYND 2: FLOKKUNARHLUTFALL



ÞESSI LOKAÐA TÝPA

Mikla raforku þarf til að reka verslanir okkar en það er ýmislegt hægt að gera til að draga úr orkusóun. Þess vegna veljum við orkusparandi búnað við byggingu nýrra verslana með því að velja lokaða kæla og frysta, CO2 kælikerfi og LED lýsingu sem hefur leitt til 25-50% minni orkusóunar. Við það að skipta yfir í lokaða kæla minnkaði einnig þörfin á að hita verslanirnar.

Heildarorkunotkun Krónunnar var 10.168.063 kWst á árinu 2019. Þar af var orka frá jarðefnaeldsneyti 309.727 kWst. Hlutfall endurnýjanlegrar raforku hjá félaginu er 97% og jarðefnaeldsneyti 3%.


HEITT OG KALT VATN

Vatnsnotkun er mæld sem árleg vatnsnotkun, endurnýting vatns og endurheimt vatns í rúmmetum (m³). Í einhverjum tilvikum hefur vatnskostnaður, uppruni og tiltækileiki bein áhrif á starfsgetu fyrirtækis. Ekki er til nákvæmur samanburður á vatnsnotkun Krónunnar á milli ára þar sem það var einungis mælt fyrir öll rekstrarfélögin.

Árið 2019 var orkunotkun frá heitu vatni hjá Krónunni 5.273.686 kWh miðað við tiltækar upplýsingar og áætluðu hlutfalli á sameiginlegum starfsstöðvum. Nokkrir staðir falla einnig undir skilgreininguna „sameiginlegir“ hvað varðar notkun á heitu og köldu vatni. Það eru Fiskislóð 15 og Dalbraut 1 en skiptahlutfall liggur ekki fyrir í Nóatúni 17.




ÉG ER ÞESSI
LOKAÐA TÝPA!
25-35%
MINNI ORKUSÓUN AF ÞVI
AÐ KÆLAR ERU LOKADIR
ÞESS VEGNA FER
20-30%
MINNI ORKA Í AÐ HITA
UPP ÞESSA KRÖNU



VIÐ SJÁUM UM REST - Í ALVÖRU!

Krónan fær margar af sínum bestu hugmyndum frá starfsmönnum og viðskiptavinum og eru afþökkunarborð Krónunnar dæmi um eitt stórt verkefni sem við fengum tillögu um frá viðskiptavinum. Í janúar 2019 voru tvö fyrstu afþökkunarborðin tekin í notkun í Krónunni, í Lindum og á Granda. Þar geta viðskiptavinir nú skilið eftir umbúðir og Krónan sér um að flokka þær og skila á rétta staði. Afþökkunarborðin fengu frábærar viðtökur og því var tekin sú ákvörðun að fjölga þeim í verslunum. Í lok árs 2019 voru þau komin í allar verslanir Krónunnar. Plast sem fellur til á Granda fer til sprotafyrirtækisins Plastplan sem vinnur úr því nytjahluti sem aftur eru notaðir í rekstri Krónunnar. Fyrsta varan er þegar komin í verslanir, en það eru kassaskiljur.

Plastplan sérhæfir sig í endurvinnslu plastefna, hönnun og fræðslu. Með samstarfi við umhverfis- og samfélagslega ábyrg fyrirtæki og stofnanir stuðlum við að raunverulegri endurvinnslu.



UMHVERFISVÆNNI UMBÚÐIR



Í nokkur ár höfum við nýtt fjölnota kassa undir grænmetis- og ávaxtasendingar okkar í stað einnota kassa sem áður voru í umferð. Nú kemur grænmetið í grænum kössum sem birginn tekur við og sendir aftur með nýrri sendingu. Þessi einstaka aðgerð hefur sparað um 162 tonn af pappa árlega. Við erum með rúmlega 200 þúsund margnota kassa í notkun fyrir ávexti og grænmeti sem áður voru einnota úr pappa og var fargað eftir eina notkun. Þá fjarlægðum við eða endurþökkuðum í umhverfisvænni kosti umbúðir af 11 grænmetis- og ávaxtategundum á árinu. Sjá töflu í ítarefni.

Veturinn 2018 færðum við Krónu-nautahakk og Krónu-hamborgara yfir í umhverfisvænni umbúðir úr pappa og endurvinnanlegu plasti. Með því sparast um 500.000 plastbakkar árlega.



ÞESSIR 11



GRÓÐURHÚSALOFT- TEGUNDIR OG KOLEFNISJÖFNUN


Losun gróðurhúsalofttegunda er veigamikill áhrifabáttur loftslagsbreytinga og á heilbrigði umhverfis á heimsvísu. Mælt er með því að fylgjast með raunverulegri eða áætlaðri losun út í andrúmsloftið sem verður til vegna beinnar eða óbeinnar orku-notkunar fyrirtækisins. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á vegum Krónunnar á árinu 2019 voru 540 tCO₂ ígildi.

Krónan hefur kolefnisjafnað Umfangi 1 sem inniheldur losun sem til fellur vegna eigin starfsemi fyrirtækis. Um er að ræða rekstur á eigin húsnæði og farartækjum. Losun af þessu tagi telst til beinna áhrifa af starfsemi fyrirtækja. Samtals var eldsneytisnotkun hjá Krónunni 32.140 lítrar sem skiptist í 15.136 lítra af bensíni og 16.957 lítra af dísilolíu. Mótvægisaðgerðirnar fela í sér kolefnisjöfnun með gróðursetningu á trjám í gegnum Kolvið og voru 780 tré gróðursett í nafni Krónunnar árið 2019.



UM LOSUN Á CO₂

Krónan hefur innleitt umhverfisstjórnunarkerfi sem tekur saman losun á CO₂. Það verkefni er unnið í samstarfi við íslenska nýsköpunarfyrirtækið Klappir sem sérhæfir sig í tæknilegum lausnum fyrir þá þætti sem falla undir samfélagsábyrgð fyrirtækja. Það tryggir áreiðanleika og gæði gagna að Klappir fá sendar upplýsingar um losun og notkun frá þjónustuaðilum Krónunnar, safni þeim í gagnagrunn og reikni út losun gróðurhúsalofttegunda. Þannig má greina kolefnisspor Krónunnar í neðangreinda þrjá flokka.



SVANSVOTTUN

Krónan í Garðabæ og Árbæ eru fyrstu íslensku Svansvottuðu verslanirnar.

Einungis 36 íslensk fyrirtæki eru Svansvottuð en engin matvöruverslun er í þeirra hópi nema Krónan. Norræna Svansvottunin er opinbert merki sjálfbærni á Norðurlöndunum. Markmiðið með Svansvottuninni er að lágmarka umhverfisleg áhrif á neyslu og framleiðslu vara.

Vottunin setur meðal annars viðmið í vöruúrvali lífræna og umhverfsvottaðra vara, lágmarkun á orkunotkun, flokkun á sorpi, lágmarkun matarsóunar og á umhverfissvænni rekstrarvöru.



**Krónan er eina
matvöruverslunin með
Svansvottun**



GRÆNT VÖRUÚRVAL



Við bjóðum mikið úrval af lífrænum matvælum og umhverfisvænum og ofnæmisprófuðum snyrti- og hreinlætisvörum.

Auk þess flytjum við inn Grøn Balance vörurnar sem eru Svansmerktar og lífrænar og fást í öllum verslunum okkar.


Einnig leggjum við áherslu á vörur sem eru fjölnota í stað einnota, til dæmis álfabikar og bökunarpappír.



GRØN balance



ÉG Á SVONA
GULAN



3,7 MILLJÓNIR PLAST- POKA ÚR UMFERÐ

Við skiptum út hefðbundnum plastburðarpokum fyrir poka úr sykurreyr fyrir á árinu. Við ræktun á sykurreyr til framleiðslu á plasti bindur sykurreyr koltvísýring sem á mikinn þátt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þess vegna kallast plast úr sykurreyr grænt pólýetýlen (e. Green PE). Hráefnið er 100% endurvinnanlegt.

Löggjöf um bann á einnota plastpokum tók gildi 1. júlí 2019 og þurftu verslanir að rukka fyrir smápoka, sem áður voru gefins í flestu verslunum. Við tókum þá ákvörðun að vera á undan og fjarlægja pokana frekar en að rukka fyrir þá og lítum við á það sem lið í þeirri samfélagslegu ábyrgð að minnka plastnotkun. Við tókum úr umferð alla smápoka sem hafa fengist gefins við kassa og í ávaxta- og grænmetisdeildum. Viðskiptavinum býðst þess í stað að nota fjölnota poka undir ávexti og grænmeti eða sleppa pokum og setja beint í körfuna.

Við stefnum á að hætta með alla einnota plastburðarpoka fyrir lok árs 2020, eða þegar birgðir okkar klárast, og bjóða eingöngu upp á fjölnotapoka og pappírsturðarpoka.



**MEÐ ÞESSARI AÐGERÐ SPÖRUM VIÐ SEM NEMUR
RÚMUM 7 MILLJÓNUM PLASTPOKA Á ÁRI, EÐA
TVEIMUR OG HÁLFUM HRING AF PLASTPOKUM Í
KRINGUM ÍSLAND.**

vextir og grænmeti

3. LÝÐHEILSA

**BLAND
Í POKA**




FERSKT Á



Við teljum mikilvægt að sem fyrirtæki í matvöruviðskiptum leggjum við okkar af mörkum í málum er varða lýðheilsu – þar getum við haft raunveruleg áhrif til góðs. Við getum auðveldað viðskiptavinum okkar hollari innkaup með auknu aðgengi að ferskvöru og hollari valkostum. Það er okkur sérstaklega mikilvægt að efla hollustu og lýðheilsu barna og þess vegna er það stefna Styrktarsjóðs Krónunnar að styrkja verkefni tengd íþróttum, hreyfingu og lýðheilsu barna.

PSST... Alls hefur sala á skilgreindum heilsuvörum aukist um 29% á milli ára.



HOLLUSTAN FÆR BESTA PLÁSSID



Í Krónunni höfum við tekið meðvitaða ákvörðun um að forgangsraða hollari valkostum. Þannig breyttum við uppröðun á gosi svo að hollari kostir eins og sósdavatn mæti viðskiptavinum á undan sykrudu gosi og hnetur á undan snakki. Þá var síðasti hefðbundni nammibarinn fjarlægður í fyrra og í staðinn bjóðum við aðeins bland í poka í ávaxtadeildinni. Þá er það engin tilviljun að ávextir og grænmeti taki fyrst á móti viðskiptavinum okkar, heldur teljum við að sú uppröðun hvetji til aukinnar neyslu á grænmeti og ávöxtum. Við fjarlægðum svo allt sælgæti frá kössunum vorið 2016 í verslunum okkar en við það minnkaði salan á sælgæti. Með breyttri uppröðun og breyttum áherslum í verslunum okkar hefur magn sykurs, mælt í grömmum á lítra drykkja, lækkað um 27% á fimm ára tímabili, frá 2015 til og með árinu 2019 hjá einum af birgjum okkar. Á árinu 2019 var magn sykurs, mælt í grömmum á lítra, -11% lægra hjá Krónunni en meðaltalið á matvörumarkaði.



BITI FYRIR BÖRNIN – KOMDU MEÐ KRÚTTIÐ Í KRÓNUNA

Fátt tekur jafn mikið á taugar foreldra og að drösla hungruðum börnum í matarinnkaupin. Oft veldur það auknu álagi, bæði á börnin og foreldrana og jafnvel hefur þau áhrif að meira er suðað um óhollustu. Í von um að létta líf foreldra og barna fá öll börn ávöxt til að japla á meðan fjölskyldan verslar.

HEILSUSAMLEGUR MATUR Á HEILLANDI VERÐI



Til að leggja enn meiri áherslu á heilsuvörur í verslunum okkar fá nýjar verslanir stærra ávaxta- og grænmetisdeild. Það hefur fallið vel í kramið og sala á ávöxtum og grænmeti, sem hlutfall af heildarsölu, eykst stöðugt á milli ára. Söluaukning í þessari deild er 66% meiri en í öðrum deildum í Krónunni árið 2019.

Nýjasta verslun Krónunnar, sem staðsett er í Skeifunni, er sú verslun sem selur hlutfallslega mest allra Krónu-verslana af ávöxtum og grænmeti. Alls hefur sala á skilgreindum heilsuvörum aukist um 29% á milli ára.

Sala á ávöxtum og grænmeti, sem hlutfall af heildarsölu, eykst stöðugt á milli ára.




Einhverjir foreldrar kunna jafnframt að hafa laumast í ávaxtakörfuna enda aldrei gott að versla á tóman maga.

Árið 2019 gáfum við 364.800 ávexti.

SNARLAÐ AF HJARTANS LYST

Snarlið er eitt af samfélagsverkefnum okkar. Markmiðið með Snarlinu er að auka áhuga barna á hollri matargerð, bæði með matreiðslumyndböndum og ókeypis matreiðslunámskeiðum fyrir börn. Yfir 1.000 börn hafa sótt ýmis Snarl námskeið frá upphafi, flest með Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur.

Árið 2019 héldum við grillnámskeið fyrir 180 börn með meistarakokkunum Hinriki Carli Ellertsyni og Fanneyju Dóru Sigurjónsdóttur. Námskeiðin eru þeim að kostnaðarlausu og hafa notið mikilla vinsælda. Á Snarlid.is og á YouTube síðu Snarlsins er að finna fjöldann allan af stuttum matreiðslumyndböndum fyrir börn, unglunga og alla sem eru að taka sín fyrstu skref í eldhúsinu.



4. UPPLÝST VAL



Við leggjum mikla áherslu á að viðskiptavinir okkar viti þegar þeir gera góð kaup. Við leggjum því áherslu á að vanda til verka og upplýsa sem best um vörurnar okkar, til dæmis hvort hún sé vegan eða lífræn svo dæmi sé tekið. Þá högum við því þannig að auðvelt sé fyrir viðskiptavinum að vita hvaðan varan kemur og hvað hún inniheldur.

MEÐ HOLLUSTUNA Á HEILANUM

Við erum með hollustuna á heilanum og tókum þá ákvörðun að hætta sölu á vörum sem flokkuðust sem „heilsuvörur“ á einangruðum stað í verslunum okkar og röðum hollari kostum við hlið annarra sambærilegra vara. Þannig eru lífrænu hafrarnir við hlið hefðbundinna hafra, sykurlausu tómatsósurar við hlið þeirra með sykri o.s.frv. Ástæðan er einföld – við viljum einfalda líf viðskiptavina okkar og gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun þegar keypt er í matinn.

EINFÖLDUM LÍFIÐ

Sem lið í því að einfalda líf viðskiptavina okkar settum við upp 43 sjálfsafgreiðslukassa á árinu. Þannig geta viðskiptavinir með fáa hluti farið hraðar í gegn. Hefðbundnir kassar eru ávallt opnir og geta viðskiptavinir valið hvort hentar hverju sinni. Við þetta breytist starf starfsmanna og verkefnið verða fjölbreyttari og skemmtilegri auk þess sem mögulegt er að auka þjónustugæðin. Í lok árs 2019 voru þá komnir 81 sjálfsafgreiðslukassar í Krónuna.






KORTER Í 4

Klukkan korter í fjögur hringir síminn og fjölskyldumeðlimur spyr erfiðustu spurningar dagsins: „Hvað er í matinn?“ Til að einfalda líf viðskiptavina okkar og svara þessari spurningu setjum við fram nýja uppskrift alla fimmtudaga sem inniheldur einfaldan fjölskyldumat. Hráefnin sem þarf í uppskriftina eru öll á einum stað í verslunum okkar svo auðvelt er að grípa með sér allt sem þarf til. Enda vitum við að fátt er jafn dásamlegt og að setjast niður og snæða heimalagaðan mat eftir annasaman dag. Þess vegna leggjum við okkar af mörkum til að auðvelda þetta verkefni og elda einfaldan, heimalagaðan kvöldverð sem allir í fjölskyldunni munu elska!

MJÖG MJÖG MERKILEGT

Það getur verið frumskógur að átta sig á því hvort vörur uppfylla kröfur viðskiptavina hverju sinni. Með því að auka mjög við merkingar leitast Krónan við að styðja upplýst val.

PSST... Hér eru mjög merkileg merki sem gott er að þekkja:



extir og grænmeti

Bís. 25

Samfélagsskýrsla 2019

KRÖNNAN

5. VIÐ ELSKUM JAFNRÉTTI

#TEAMKRÖNNAN
VIÐ ERUM
936
STARFSMENN



Góðir starfsmenn eru lykillinn að árangri okkar og þeim verðlaunum og viðurkenningum sem fyrirtækið hefur hlotið á árinu. Við viljum að Krónan verði áfram frábær vinnustaður þar sem starfsmönnum líður vel og þeir geta þróast í starfi. Ungt fólk í dag lætur sig varða samfélagslega ábyrgð og kys frekar að starfa fyrir fyrirtæki sem vill hafa áhrif til góðs. Það skilar sér til okkar því við fáum mikið af umsóknum og vel gengur að manna stöður sem losna hjá okkur, gagngert út af stefnu okkar í samfélagslegri ábyrgð.

LAUNAHLUTFALL EFTIR KYNI

Árið 2019 hlutum við vottun á jafnlaunakerfi okkar og höfum starfað eftir kerfinu frá árinu 2017. Í launagreiningu fyrir 2019 mældist útskýrður launamunur kynjanna 3,59%. Jafnlaunagreining er framkvæmd reglulega þar sem launamunur kynjanna er mældur ásamt því að frávik milli launa og vögun starfa eru sérstaklega skoðuð. Í kjölfar greiningar eru tækifæri til umbóta og frávik metin ásamt því að jafnlaunamarkmið eru endurskoðuð. Til þess að styðja við jafnlaunastefnu fylgjum við íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi og hefur hlotið jafnlaunavottun. [Hér má finna jafnréttistefnu Krónunnar.](#)

JAFNRÉTTI KYNJANNA

Við viljum jafnrétti. Eitt af jafnlaunamarkmiðum Krónunnar er að jafna kynjahlutföll í hópi stjórnenda. Árið 2019 voru 36% starfsfólks konur. Munur á kynjahlutföllum í efri stjórnendastöðum hefur markvisst farið minnkandi á milli ára.

Hjá Krónunni starfa að meðaltali um 891 einstaklingar í 320 stöðugildum. Ekki er hægt að greina hlutfall á milli fastráðinna og laus- eða tímabundið ráðinna þar sem allt starfsfólk er skráð sem fastráðið.

| LÝSING | 2019 KONUR | 2019 KARLAR |
|---------------------|------------|-------------|
| Framkvæmdastjóri | 100% | |
| Næstu stjórnendur | 33% | 67% |
| Framlínustjórnendur | 32% | 68% |
| Krónan – heild | 36% | 64% |

SAMSETNING STJÓRNAR

| LÝSING | 2019 |
|--------|------|
| Konur | 33% |
| Karlar | 67% |

AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN

Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis er andstætt stefnu okkar. Árlega er gert ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál til starfsfólks og er hún einnig hluti af móttöku nýliða. Við fylgjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og öðrum reglum og lögum um að allir skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.

Krónan vinnur að því að veita starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma til að fólk geti samræmt fjölskyldulíf og vinnu og leggur áherslu á starfsumhverfi þar sem öllum getur liðið vel við dagleg störf. Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin. Krónan er einnig í samstarfi við Siðferðisgáttina sem er óháður fagaðili sem starfsmenn geta leitað til.



MANNRÉTTINDI

Við erum með stefnu og viðbragðsáætlun í málum er varða einelti og áreitni á vinnustað en slík mál, sem túlkast ekki sem eðlileg hegðun og samskipti á vinnustað, eru ekki liðin. Við fræðum starfsfólk reglulega um hvaða samskipti og hegðun teljast eðlileg og höldum vinnuverndarnámskeið á haustin þar sem allt starfsfólk Krónunnar kemur saman til að fara yfir einelti og áreitni. Með stefnu okkar og viðbragðsáætlun virðum við sáttmála Samtaka atvinnulífsins og stuðlum að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi.

STARFSMANNAVELTA

Um 60% starfsmanna eru undir 20 ára aldri. Starfsmannavelta fyrir 2019 var að meðaltali 7.9% á mánuði. Hjá Krónunni starfar stór hluti starfsfólks í hlutastarfi, oft með námi. Það starfsfólk staldrar gjarnan skemur við.



VINNA UNGMENNA


Hjá okkur starfa ungmenni og tókum við því hlutverki alvarlega. Við störfum með íslenska vinnulöggjöf að leiðarljósi sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnalögum nr. 76/2003 um rétt barna til m.a. umönnunar í samræmi við aldur þeirra og þroska. Í því felst krafa um verndun barna gegn hvers kyns þvingun eða ofbeldi.

HEILSA OG ÖRYGGI

Við vinnum að því markmiði að standa vörð um heilsu starfsfólks, tryggja heilsusamlegt, gott vinnuumhverfi og auka ánægju þess. Allt þetta stuðlar að bættri heilsu og aukinni vellíðan í starfi.

Krónan leggur sig fram við að vera heilsueflandi vinnustaður. Við styrkjum því starfsfólk til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Við höfum sett okkur stefnu í öryggismálum og er markmiðið að standa vörð um öryggi starfsfólks. Hér má finna stefnu um hollustuhætti og vinnuvernd.

**VIÐ LEGGJUM OKKUR FRAM VIÐ AÐ HUGSA
VEL UM STARFSFÓLKIÐ OKKAR**



GOTT AÐ VINNA HJÁ KRÓNUNNI

Við framkvæmum vinnustaðagreiningu tvisvar á ári og niðurstaðan sýnir að heildaránægja starfsfólks er mikil auk þess sem það telur að skýrar væntingar séu gerðar til starfs þeirra. Til þess að koma á breytingum eins og þeim sem við höfum framkvæmt á árinu þarf sterka liðsheild og viðurkenningar hvetja starfsfólk og stjórnendur til að gera betur. Allt starfsfólk tekur þátt í að fagna viðurkenningum, því við eigum þær öll saman.



ATVINNA MEÐ STUÐNINGI

Atvinna með stuðningi, AMS, er árangursrík leið fyrir þá sem þurfa aðstoð við að fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Við erum í samstarfi við Vinnumálastofnun um slíkt verkefni en það veitir einstaklingum með skerta starfsgetu sem þurfa aðstoð við atvinnuleit, þjálfun í starfi og stuðning. Hjá Krónunni starfa 28 AMS starfsmenn.

KRÓNUHJARTAÐ

Krónuhjartað snýst um að hafa einlægan vilja til að gera betur í dag en í gær og vinna stöðugt í að bæta umhverfi okkar. Þetta er aðalsmerki starfsfólks okkar - því saman getum við allt.



“
Hjá okkur starfa 28
manns í Atvinnu með
stuðningi.”



6. VÍÐ OG SAMFÉLAGIÐ



Krónan er virkur aðili í samfélaginu enda eru verslanir fyrirtækisins staðsettar víða um land. Við styrkjum þau verkefni sem hvetja til hollustu og hreyfingar barna og/eða hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu samfélagsins. Styrkjunum er úthlutað einu sinni á ári. Okkur þykir mjög vænt um framtíðarkynslóðirnar og viljum að börn alist upp við aðgengi að hreyfingu og hollri matvöru. Við gerum ýmislegt, stórt og smátt, til að styðja við hreysti og heilbrigði unga fólksins: Allt frá því að bjóða upp á ókeypis ávexti fyrir börnin til að japla á í búðarferðinni til Krónumótanna.

7 MILLJÓNIR TIL SAMFÉLAGSINS

Þrjú þúsund börn tóku þátt í Krónumóti HK í knattspyrnu en það er meðal þeirra 27 verkefna sem Krónan styrkti á síðasta ári. [Tekið er á móti umsóknum á vefsvæði Krónunnar](#). Alls bárust 220 umsóknir frá samtökum og félögum til Krónunnar. Heildarstyrktarupphæðin þetta árið var sjö milljónir króna.

VERKEFNIN SEM HLUTU SAMFÉLAGSSTYRKI KRÓNUNNAR Á STYRKJARÁRINU 2019:

| | |
|---|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| ✓ | FRAM í Reykjavík, fyrir knattspyrnudeild barna |
| ✓ | Stjarnan í Garðabæ, fyrir handknattleiksdeild barna |
| ✓ | HK í Kópavogi, fyrir Krónumót yngri flokka karla og kvenna í knattspyrnu |
| ✓ | Sundfélag Hafnarfjarðar, fyrir Krónumótið – sundmót barna |
| ✓ | Haukar í Hafnarfirði, fyrir Special Olympics æfingum Körfuknattleiksdeildar Hauka |
| ✓ | Karatedeild Aftureldingar í Mosfellsbæ, fyrir barnastarfið. |
| ✓ | Blakdeild Aftureldingar í Mosfellsbæ, fyrir úthlutun gefins endurskinsmerkja til grunnskóla nemenda í bænum |
| ✓ | Vikingur í Reykjavík, fyrir barna- og unglingsstarf |
| ✓ | ÍBV í Vestmannaeyjum, fyrir barnastarfið |
| ✓ | Crossfit Eyjar, fyrir Skólacrossfit |
| ✓ | Fimleikadeild Heklu á Hellu, fyrir nýjum áhöldum |
| ✓ | Fimleikadeild Hamars Hveragerði, fyrir fræðsludegi þjálfara og foreldra iðkenda deildarinnar um svefn og næringu barna og unglinga |
| ✓ | Hjálparstarf Kirkjunnar, fyrir styrktarsjóð vegna tómsundaiðkunar barna og unglinga |
| ✓ | Ungmennafélagið Þjótandi á Selfossi, fyrir Frisbí golfvelli. |
| ✓ | Skátafélag Akraness, fyrir ævintýragarði sem verður notaður í uppbyggjandi skemmtun og fróðleik, í útivist og ýmsa hreyfingu |
| ✓ | Heilsuleikskólinn Skógarás í Keflavík, fyrir klifurvegg fyrir krakkana |
| ✓ | Suðurnesjadeild Garðyrkjufélags Íslands í Keflavík, fyrir Aldingarð æskunnar til plöntukaupa |
| ✓ | Kjötsúpuhátiðin á Hvolsvelli, fyrir aðfangakostnað á hátíðinni |
| ✓ | Námsaðstoð Rauða krossins, upp í aðstoð barna við lestur og nám á skóla-bókasófnum |
| ✓ | Skíðaskóli Jennýar í Reyðarfirði, fyrir Stubbaskólanum, skíðaskóla fyrir börn |
| ✓ | Björgunarsveitin Kyndill á Klaustri, fyrir breytingu á bíl |
| ✓ | Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli, fyrir unglingsstarfið |
| ✓ | Stöð í Stöð (Stöðvafirði), fyrir aðfangakostnaði á bæjarhátíðinni |
| ✓ | Regnboginn – lista- og menningarhátíð í Vík, fyrir mat í menningarveislu hátíðarinnar |
| ✓ | Vegan Heilsa í Reykjavík, fyrir ráðstefnukostnaði |
| ✓ | Landvernd, fyrir fræðslumyndbandi |
| ✓ | Hjólreiðafélagið Tindur, fyrir krúttlegasta hjólamót landsins |

JÓLASTYRKIR

Við styrktum ellefu samtök sem sinna matarúthlutunum fyrir jólin 2019 og starfa í nærumhverfi verslana Krónunnar. Allir styrkir til matarúthlutunar eru veittir í formi gjafakorta sem gefa skjólstæðingum samtakanna kost á að velja í innkaupakörfunna sjálft. Með þessari árlegu úthlutun vonumst við til þess að auðvelda þeim sem eru aðstoðar þurfi, að eiga gleðilegra jóla.

Um tvö hundruð viðskiptavinir tóku þátt í að tilnefna styrkþega úr Styrktarsjóði Krónunnar í ár fyrir jólin á samfélagsmiðlum. Fjöldi samtaka var tilnefndur en þau samtök sem flestar tilnefningar fengu, voru Konukot, Neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur og verkefnið Frú Ragnheiður.

AÐ AUKI FENGU EFTIRFARANDI AÐILAR STYRK FYRIR JÓLIN 2019:

| | |
|---|--------------------------------|
| ✓ | Mæðrastyrksnefnd Kópavogs |
| ✓ | Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur |
| ✓ | Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar |
| ✓ | Mæðrastyrksnefnd Akraness |
| ✓ | Hjálpræðisherinn |
| ✓ | Jólaaðstoð Rauða krossins |
| ✓ | Jólasjóður Fjarðarbyggðar |
| ✓ | Selfoskirkja |
| ✓ | Landakirkja í Vestmannaeyjum |
| ✓ | Velferðarsvið Reykjanesbæjar |
| ✓ | Soroptomistar Mosfellsbæjar |
| ✓ | Konukot |
| ✓ | Frú Ragnheiður |
| | |
| | |






7. Í ALVÖRU – TAKK



Við erum þakklát fyrir að eiga ánægðustu viðskiptavinina í flokki matvörumarkaða á Íslandi þriðja árið í röð. Við gleðjumst einlæglega yfir öllum verðlaunum og viðurkenningum sem við fengum á árinu. Viðurkenningin er hvatning til okkar til þess að gera enn betur. Verðlaunin eru staðfesting á því að við erum á réttri braut en mikilvægast er að þau hvetja okkur áfram til dáða.



“
Viðurkenningin er
hvatning til okkar til
þess að gera enn betur.”

| KUDUNGURINN | UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS | VIÐSKIPTAVERÐLAUN VB OG FV |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti okkur Kuðunginn, sem er viðurkenning á framlagi fyrirtækja og stofnana til umhverfismála og er veitt árlega. Guðmundur Ingi Guðbrandsson veitti okkur viðurkenninguna fyrir framúrskarandi starf í umhverfismálum. Við erum stolt af því að hafa fengið verðlaun fyrir vöruúrval, aðgerðir gegn sóun, fyrir að draga úr orkunotkun og minnka sóun á pappír og pappa. Þá vorum við einstaklega þakklát fyrir að í orðum dómnefndar var fjallað sérstaklega um það að við værum ekki einungis dugleg að miðla því sem vel er gert heldur líka því sem fer úrskeiðis, því við teljum það ekki síður mikilvægt. Með því að staldra við það sem aflaga fer getum við bætt okkur.</p>  | <p>Við fengum einnig verðlaun á Umhverfisdegi atvinnulífsins í október fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála. Viðurkenninguna fengum við fyrir að hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar og sýna frumkvæði með nýjum verkefnum til að draga úr sóun og umhverfisáhrifum fyrirtækisins. Þar var m.a. horft til afþökkunarborðanna okkar.</p>  | <p>Við hlutum að auki viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar fyrir árið 2019. Árið 2019 var okkur farsælt og skiluðum við methagnaði. Það er því ljóst að áherslur okkar á sviði umhverfis- og lýðheilsamála falla vel í kramið hjá viðskiptavinum okkar og hefur jákvæð áhrif, á samfélagið og á rekstur Krónunnar.</p>  |

8. VIÐ ELSKUM NÝSKÖPUN

Við elskum nýsköpun á matvælamarkaði.

Þess vegna erum við í samstarfi við fjölmarga aðila með það að markmiði að aðstoða þau við að koma vörum sínum á framfæri.

GAMLA SKYRDÓSIN Í HRINGRÁS

Nýverið hófum við stórskemmtilegt samstarf við sprotafyrirtækið Plastplan sem miðar að því að endurvinna allt plast sem fellur til í verslun Krónunnar á Grandi, m.a. úr afþökkunarborði og gefa því framhaldslíf. Plastplan vinnur úr plastinu nytjahluti sem Krónan notar aftur í rekstri sínum. Með þessu verður til hringrás plasts.

„Við teljum samstarfið við Krónuna vera sérstaklega mikilvægan vettvang til að takast á við plastsóun. Okkur gefst tækifæri til að fræða um raunverulega plast-endurvinnslu og þau tækifæri sem leynast í nýtingu hráefnisins. Með stöðugu samstarfi er grundvöllur skapaður til að hafa viðtæk og jákvæð áhrif á hugsunarhátt með uppbyggilegri fræðslu”, segja Brynjólfur Stefánsson og Björn Steinar Blumenstein, stofnendur Plastplans.



Nytjahlutirnir sem verða til geta verið margvíslegir og eru ýms- ar hugmyndir þegar á lofti, en fyrsta varan úr samstarfinu var kassaskilja sem komin er í allar verslanir. Sérstaða þessa samstarfs er að með því fæst hringrás plastúrgangs Krónunnar.



VIÐ VILJUM VAXA

Við erum mjög jákvæð í garð íslenskra sprotafyrirtækja og eigum í góðu samstarfi við íslenska framleiðendur. Vaxa er t.d. lítið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir grænmeti, salöt og kál með lóðréttri ræktun með LED lýsingarbúnaði:

„Samstarf okkar við Krónuna hefur verið mjög þýðingarmikið frá upphafi þar sem við erum nýtt fyrirtæki og Krónan hefur sannarlega sýnt í verki mikinn vilja til að styðja við okkur. Gagnkvæm virðing í samskiptum, þar sem langtímastefna er í fyrirrúmi hefur einkennt okkar samstarf og metum við það mikils í uppbyggingu okkar vörumerkis. Krónan varð fyrir valinu frá byrjun, einfaldlega vegna þess að stefna fyrirtækisins í umhverfismálum og öðru tengdu var og er næst því sem okkar stefna gengur út á. Með því að framleiða afurðir á umhverfisvænan máta nálægt markaðnum erum við að draga úr kolefnisfótspori, minnka matarsóun og auka gæði til viðskiptavina. Þessir hlutir eru allir á stefnuskrá Krónunnar og því hentar vel að Krónan sé okkar fyrsti og aðal söluaðili á heildsölumarkaði,“ segir Andri Björn Gunnarsson, stofnandi Vaxa.



BÆNDAMARKAÐUR

Síðsumars árið 2019 héldum við áfram samstarfi við Sölufélag garðyrkjumanna um bændamarkað í verslunum Krónunnar. Þannig undirstrikum við frábært íslenskt hráefni á hápunkti uppskeru þess og nýtum einnig tækifærið til að prófa okkur áfram með minni umbúðir utan um grænmetið.

„Það er mikils virði fyrir félagið að geta unnið að sameiginlegum markmiðum með Krónunni um að koma fjölbreyttu úrvali vöru grænmetisbænda okkar í góðar og fallegar framstillingar. Það er ósk okkar að þetta samstarf muni halda áfram að eflast og leiða af sér aukin tækifæri í framtíðinni. Það er mikilvægt að geta boðið upp á fjölbreytt úrval alls þess grænmetis sem í boði er síðsumars”, segir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna.



UPPRUNAVOTTAÐ KJÖT

Í samfélaginu öllu er stórukin krafa um upplýsingar um uppruna vara. Við höfum stigið mikilvæg skref á árinu í samvinnu við íslenska framleiðendur hvað þetta varðar. Stigin hafa verið fyrstu skrefin í að bjóða upp á upprunavottað og/eða vottað íslenskt lambakjöt. Þannig geta íslenskir neytendur séð og rakið hvaðan kjötið kemur. Þetta er gert til að auka tengingu og þekkingu á vörunni um hvaðan hún kemur og samræmist stefnu okkar um upplýst val viðskiptavina okkar.



„HOT“ SÓSA FRÁ DJÚPAVOGI



Krónan elskar nýjungar og bauð á árinu upp á fyrstu íslensku heitu sósuna, (e. „hot sauce“) sem heitir Bera og er frá íslenska fjölskyldufyrirtækinu Lefever. Sósan er nefnd eftir austfirskri skessu og framleidd í samnefndum firði. Hún er sterk, stór og ber að nálgast hana af varfærni. Fyrirtækið var stofnað árið 2019 og stofnendur eru hjónin William Óðinn Lefever og Greta Mjöll Samúelsdóttir frá Djúpvaggi.

9. GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR



Stjórn Krónunnar fer með æðsta vald í mál-efnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Framkvæmdastjóri Krónunnar ber ábyrgð á rekstri Krónunnar. Hún ber ábyrgð á og annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu, starfsreglur og fyrimæli stjórnar.

STARFSKJARASTEFNA

Við leggjum áherslu á sanngjarnan vinnurétt og að starfsfólk hafi val um það hvort það vill vera í stéttarfélagi. Öll opinber gjöld eru greidd og engin svört atvinnustarfsemi er í boði. Alls eru 80% starfsfólks í stéttarfélagi. Stafar það að mestu af fjölda starfsfólks sem er yngra en 16 ára í hlutastörfum hjá Króunni, þar sem ekki er gert ráð fyrir að 16 ára og yngri greiði í stéttarfélag. Vegna þessa er sérstök áhersla lögð á að fræða stjórnendur með mannaforráð um íslenska vinnulöggjöf og reglugerðir er varða vinnu barna og unglinga. Starfskjara-
stefna Krónunnar tekur mið af starfskjarastefnu Festi.

ÁBYRG INNKAUP

Í innkaupareglum okkar eru ákvæði um samfélagslega ábyrgð. Birgjar bera ábyrgð á því að þær vörur eða sú þjónusta sem þeir selja séu framleiddar samkvæmt lögum og reglum. Birgjar og Krónan votta bæði að starfsemi þeirra virðir vernd alþjóðlegra mannréttinda og fullvissa sig um að gerast ekki meðsekir um mannréttindabrot. Við styðjum jafnframt beitingu var-
úðarreglu í umhverfismálum og höfum frumkvæði til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu. Við vinnum gegn hvers kyns spillingu og tryggjum afnám allrar nauðungar-, þrælkunar- og barnavinnu.



Sérstök áhersla lögð á að fræða stjórnendur með mannaforráð um íslenska vinnulöggjöf og reglugerðir.

Okkur finnst mikilvægt að fóstura fyrirtækjamenningu sem byggir á umbótum og lærdómi, og því að vera óhrædd við að prófa okkur áfram og jafnvel gera mistök en þá læra af þeim og gera betur næst.

Mistök fæða oft af sér frábærar hugmyndir. Við höfum til að mynda unnið hörðum höndum að því að draga úr matarsóun en á árinu sem leið fundust þó heillegar gulrætur í gámi fyrir utan Krónuverslun, gulrætur sem vel hefðu getað nýst einhverjum. Starfsmanni þótti þær þó óálitlegar til sölu og hafði því fargað gulrótunum. Með innanhússamtali þar sem við ræddum þetta kom starfsfólk með þá lausn að einfaldlega gefa það sem ekki telst nægjanlega ásættanlegt til sölu. Og sú varð niðurstaðan.

Í dag hafa verslunarstjórar heimild til að gefa matvöru sem er það illa farin að þeir telji ekki hægt að selja, ekki einu sinni á niðursettu verði og hefur það leitt til þess að okkur hefur tekist að draga enn frekar úr matarsóun. Þarna urðu mistök og árvekni viðskiptavina okkar til þess að okkur sem heild tókst að finna nýja leið til að draga úr umhverfisáhrifum okkar, um það snýst þetta allt saman. Að læra af mistökum okkar og gera betur.

“

Stjórnendur ganga reglulega um verslanir og eiga samtál við starfsfólk um það hvað megi betur fara.”





10. KRÓNAN Í FRAMTÍÐINNI



Þetta eru markmið okkar á árinu 2020

en þau munu þróast, breytast og styrkjast í samtali við allt okkar fólk, starfsfólk, viðskiptavinum og birgja.

“Endurvinnsla plasts og sú staðreynd að við endurvinnum á Íslandi í stað þess að auka kolefnisfótsporið með flutningum milli landa er mjög mikilvægt fyrir hringrásarhagkerfið og okkur öll..”

TO DO LISTINN:

BREYTT KÆLIKERFI:

Við erum að taka fyrstu skrefin í endurnýjun á kælikerfum en sú vinna mun taka sinn tíma. Endurskoðunin felst í því að skoða umhverfisvænni kælimiðil á þau kælikerfi sem eru þegar til staðar. Samhliða uppfærslu á verslunum skiptum við út fyrir umhverfisvænni kælikerfi, t.a.m. CO2 kælikerfi sem nú þegar eru komin í þrjár verslanir Krónunnar. Markmið okkar er að vera búin að skipta í öllum verslunum Krónunnar í lok ársins 2030 þegar ekki verður lengur leyfilegt að nota freon. Við forgangsröðum útskiptunum þar sem kælikerfi eru ekki nægilega umhverfisvæn.



AUKIN LÝÐHEILSA:

Við tókum þátt í að auka lýðheilsu barna og munum gera nýja seríu af Snarlinu með vorinu. Við ætlum að útbúa fjölbreytt myndefni um holla matargerð fyrir börn – gerð af börnum. Við munum halda áfram að auka ferskvöru í nýjum verslunum okkar og auka vægi lífrænna vara. Svo er stefnan að bæta aðgengi viðskiptavina að vatni, með áherslu á verslanir þar sem mikill fjöldi ferðamanna verstar.



UPPLÝST VAL:

Við viljum að viðskiptavinir okkar hafi gott aðgengi að upplýsingum um vörurnar okkar til að hjálpa þeim að taka ákvarðanir í innkaupum. Það getur verið flókið að skilja innihaldslýsingar og við vitum að það einfaldar viðskiptavinum okkar lífið ef þeir sjá t.d. auðveldlega hvort varan er lífræn eða vegan. Á árinu fórum við í innleiðingu á nýju vöruupplýsingakerfi til að halda utan um þessar upplýsingar og er markmið okkar á nýju ári að miðla þessum vöruupplýsingum til viðskiptavina okkar, bæði á rafrænu hillumiðunum okkar og í snjallverslun.



TO DO LISTINN FRAMHALD:

LÁTA UMHVERFIÐ NJÓTA VAFANS:

Umhverfið á alltaf að njóta vafans. Þess vegna horfum við nú til þess, þegar við veljum nýjar vörur í verslun okkar, hvort þær séu auðveldari í endurvinnslu. Fjöldmörg lítil skref geta breytt heilmiklu og þetta er eitt dæmi um slíkt. Við vinnum jafnframt stöðugt í því að fjölga umbúðalausum vörum, erum á höttunum eftir nýjum lausnum og vinnum samhliða því í að þróa umhverfisvænni umbúðir, allt í öflugu samstarfi við viðskiptavini okkar og birgja. Á árinu 2020 hættum við með alla einnota plastpoka.



EKKI BÚA TIL NÝ VANDAMÁL:

Við höldum ótrauð áfram á þessari braut og þó margt hafi tekist vel eru verkefni óteljandi á sviði umhverfismála. Það sem skiptir öllu máli er að vera meðvituð um að búa ekki til nýtt vandamál með úrlausn annars vandamáls. Þannig gagnast það engum ef við fjarlægjum umbúðir á grænmeti, ef það hefur þau áhrif að auka matarsóun. Upprunalegur tilgangur plasts þegar kemur að matvælum var að tryggja gæði vörunnar og líftíma. Agúrka í plasti endist í nokkrar vikur meðan plastlaus agúrka endist einungis í örfáa daga. Það er margt sem þarf að taka tillit til og við viljum vanda okkur. Við höldum því áfram leit okkar að betri leiðum með öflugu samtali við alla, birgja, viðskiptavini og starfsfólk.



ENDURVINNA ALLT PLAST:

Halda áfram samstarfi sem efnt var til við Pure North í upphafi ársins 2020 og Plastplan á síðasta ári um plastendurvinnslu. Endurvinnsla plasts og sú staðreynd að við endurvinnum á Íslandi í stað þess að auka kolefnisfótsporið með flutningum milli landa er mjög mikilvægt fyrir hringrásarhagkerfið og okkur öll.



Ávextir og g

11. YFIRLITSTÖFLUR, ÍTAREFNI OG HUGTAKANOTKUN

HUGTAKA- NOTKUN:

Sjálfbær þróun: Þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Samfélagsábyrgð: Fyrirtæki, stofnanir og skipulagsheildir axli ábyrgð og hafi uppbyggileg áhrif á umhverfið, stjórnarhætti og samfélagið.

Samfélagsábyrgð fjárfesta – ESG: Umhverfis-þættir, félagslegir þættir og stjórnunarþættir (e. Environment, Social & Governance.)

Ábyrg fjárfesting / RI & SRI: Ábyrgar fjárfestingar fela í sér fjárfestingar sem eiga það sameiginlegt að innleiða ófjárhagslega þætti inn í fjárfestinga-ákvörðanir til betri áhættustýringar og til að stuðla að sjálfbærum langtíma árangri/arðsemi (e. return).

15.1 YFIRLITSTAFLA UM HEIMSMARKMIÐ

Heimsmarkmiðin eru flokkur markmiða og undirmarkmiða sem taka til alls heimsins og ber ríkjum að ná þeim innan fimmtán ára eða fyrir 2030.

Heimsmarkmiðin eru 17, þeim fylgja 169 undirmarkmið og hafa öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna innleitt nýju markmiðin að einhverju leyti.








Ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. Krónan tekur mið af þeirri forgangsröðun í sinni markmiðasetningu.



ÁHERSLUR:

MARKMIÐ KRÓNUNNAR:

TENING VID:

| Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna | Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins | Tenging við stefnu Krónunnar | Heiti markmiðs | Undirmarkmið | Heildarárangur í lok árs 2019 | ESG |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
|  <p>Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.</p> | <p>Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið.</p> |  <p>Lýðheilsa</p> | Styrkir | Styrkja samtök sem sjá um matarútlutun fyrir jólin. | 13 félög hlutu styrk fyrir jólin í formi gjafakorta í Krónunni fyrir upphæð sem nam 6 milljónum króna | G5 |
| | | | Minnka matarsóun | Selja eða gefa matvöru á síðasta sjéns | 460.000 einingar seldar | E7 |
| | | | Ábyrg innkaup | Kröfur til byrgja | Samfélagsábyrgð | NA |
|  <p>Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar.</p> | <p>Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að gæðheilbrigði og vellíðan.</p> |  <p>Lýðheilsa</p>  <p>Upplýst val</p> | Hollustan fær besta plássið | Draga úr sykurneyslu | Á árinu 2019 var magn sykurs, mælt í grömmum á lítra af gosi, 11% lægra hjá Krónunni en meðaltalið var á matvörumarkaði. | S8 |
| | | | Efla lýðheilsu og hollustu | Styrkir til íþróttafélaga og verkefna sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið | 7.000.000 | S8 |
| | | | Efla íþróttir og lýðheilsu | Styrkir til starfsmanna | 20.000 | S8 |
|  <p>Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efl.</p> | <p>Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.</p> <p>Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.</p> | <p>Jafnrétti</p>  | Jafnréttisstefna | Reglulegar launagreiningar | Já | S2 |
| | | | Sambærileg laun fyrir sömu vinnu | Jafnlaunavottun | Óútskýrður launamunur kynjanna 3,59%. | S2 |
| | | | Jafnrétti kynjanna | Jafnt hlutfall kynja stjórnenda | Næstráðendur 40/60 Framlínustjórnendur 33/67 | G1 |
| | | | | Stuðningur | Stuðningur | |

ÁHERSLUR:

MARKMIÐ KRÓNUNNAR:

TENGING VIÐ:

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins

Tenging við stefnu Krónunnar

Heiti markmiðs

Undirmarkmið

Heildarárangur í lok árs 2019

ESG



Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.

Próaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.



Umhverfismál

Betri lausnir í burðarpokum

Minnka hefðbundið plast

Margnota burðarpokar / sykurreyr

G1

Nýta tækni til að bæta þjónustu

Sjálfsafgreiðsæukassar

43 nýir kassar á árinu

E7

Styrkir í forvarna- og mannúðarmálum

Styrkir veittir fyrir jólin til málefna sem viðskiptavinir Krónunnar vilja að Krónan styrki. Í ár hlutu Konukot og Frú Ragnheiður styrk.

1.000.000

NA



Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

Jafnrétti



Jafnréttisstefna

Auka hlut kvenna í starfsmannahópi

36%

S4

Siðareglur

Siðareglur

Í gildi

G6

Jafnrétti

Atvinna með stuðningi

28 manns

S2

Sambærileg laun fyrir sömu vinnu

Jafnlaunavottun

Óútskýrður launamunur kynjanna 3,59%

S2



Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.

Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.



Umhverfismál

Orkusparandi búnaður

Lokaðir kælar og frýstar, CO2 kælikerfi og Led lýsing

25-50% minni orkunotkun

E1

Flokkun á úrgangi

62% endurvinnsluhlutfall

90% verzlana





E7

Stuðningur við innlenda framleiðslu

Samstarf við nýsköpunarfyrtæki sem og önnur fyrirtæki

Vaxa, Sölufélag garðyrkju- manna, Plastplan

NA

| ÁHERSLUR: | | | MARKMIÐ KRÓNUNNAR: | | | TENGING VIÐ: |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|----------------|
| Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna | Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins | Tenging við stefnu Krónunnar | Heiti markmiðs | Undirmarkmið | Heildarárangur í lok árs 2019 | ESG |
|  <p>12 ÁBYRG NEYSLA</p> <p>Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.</p> | <p>Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.</p> <p>Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsroðun.</p> | | Betri lausnir í stað plasts | Umhverfissvænni umbúðir | Vörur í betri umbúðir | E7 |
| | | | Unnið gegn matarsóun | Seljum með afslætti eða gefum | 460.000 einingar seldar | E7 |
| | | | Svansvottun | Allar verslanir 2020 | Garðabær og Árbær | G5 |
| | | | Ábyrg innkaup | Innkaupastefna | | G5 |
|  <p>13 VERNDUN JARÐARINNAR</p> <p>Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.</p> | <p>Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.</p> |  <p>Lýðheilsa</p>  <p>Umhverfismál</p> | Plastkassar fyrir grænmeti | Útskipting á einnota | 200 þúsund plastkassar | E7 |
| | | | Svansvottun | Allar verslanir 2020 | Garðabær og Árbær | G5 |
| | | | Umhverfissvænna kælikerfi | CO2 kælikerfi | 3 verslanir | E10 |
| | | | Kolefnisjöfnun eigin bíla | Samningur við Kolvið | 780 tré | NA |
| | | | Minnka plast | Bylgjupappi til endurvinnslu Margnota burðarpokar Sykkurreyrsþokar/bréfpokar | 1108 eða +84 tonn Já Já | E7 E7 E7 |
| Minnka kolefnisspor matvæla | Stuðningur við innlenda framleiðslu | Samstarf við Vaxa, lífrænt vottað kjöt, Bera | E10 | | | |

UFS YFIRLITSTAFLA:

Bls. 51

REKSTRARÞÆTTIR:

Rekstrarbreytur

| | Einingar | 2019 |
|---------------------------------|----------------|------|
| Heildartekjur | ma. ISK | 36,4 |
| Eigið fé | ma. ISK | 1,7 |
| Fjöldi stöðugilda | starfsgildi | 339 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | m ² | - |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | m ³ | - |

UMHVERFI:

Gróðurhúsalofttegundir

| | | |
|-----------------------------------|--------------------|-------|
| Umfang 1 | tCO ₂ í | 78,2 |
| Umfang 2 (landsnetið) | tCO ₂ í | 87 |
| Umfang 2 (með markaðsaðgerðum) | tCO ₂ í | - |
| Umfang 3 | tCO ₂ í | 374,8 |
| Kolefnisspor án mótvægisáðgerða | tCO ₂ í | 540 |
| Samtals mótvægisáðgerðir | tCO ₂ í | 0 |
| Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum | tCO ₂ í | 540 |

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni

| | | |
|--------------------------------|------------------------------------|--------|
| Losunarkræfni orku | kgCO ₂ í/MWst | 53,1 |
| Losunarkræfni starfsmanna | tCO ₂ í/stöðugildi | 1,59 |
| Losunarkræfni veltu | tCO ₂ í/ma. ISK | 14,83 |
| Losunarkræfni eiginfjár | tCO ₂ í/ma. ISK | 317,63 |
| Losunarkræfni á hvern fermetra | kgCO ₂ í/m ² | - |
| Losunarkræfni á hvern rúmmetra | kgCO ₂ í/m ³ | - |

SE2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun

| | | |
|-----------------------------------|------|--------------|
| Orkunotkun í heild | kWst | 10.168.063,8 |
| Par af orka frá lífelsesneyti | kWst | 0 |
| Par af orka frá jarðefnaeldsneyti | kWst | 309.727,8 |
| Par af orka frá rafmagni | kWst | 5.011.497 |
| Par af orka frá heitu vatni | kWst | 4.846.839 |
| Par af orka frá upphitun | kWst | - |

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samfélagsskýrsla 2019

KRANAN

UMHVERFI FRH.:**Orkukræfni**

| | Einingar | 2019 |
|---------------------------------------------------------------------------|---------------------|-------------|
| Orkukræfni starfsmanna | kWst/stöðugildi | 29.994,3 |
| Orkukræfni veltu | kWst/ma. ISK | 279.342,4 |
| Orkukræfni á fermetra | kWst/m ² | - |
| Orkukræfni á rúmmetra | kWst/m ³ | - |
| E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management | | |

Samsetning orku

| | | |
|-------------------------------------------------------------|---|----|
| Jarðefnaeldsneyti | % | 3 |
| Kjarnorka | % | - |
| Endurnýjanleg orka | % | 97 |
| E5 GRI 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management | | |

Vatnsnotkun

| | | |
|--------------------------------------------------------------------------|----------------|-----------|
| Samtals vatnsnotkun | m ³ | 126.717,6 |
| Kalt vatn | m ³ | 43.151,5 |
| Heitt vatn | m ³ | 83.566,2 |
| Endurrunnið vatn (ef við á) | m ³ | - |
| Endurheimt vatn (ef við á) | m ³ | - |
| E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management | | |

Umhverfisstarfsemin

| | | |
|---------------------------------------------------------------------------------|--------|----|
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? | já/nei | Já |
| Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum? | já/nei | - |
| Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi? | já/nei | - |
| E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management | | |

Loftslagsyfirsýn / stjórn

| | | |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|-----|
| Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Nei |
| E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A) | | |

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur

| | | |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|-----|
| Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Nei |
| E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B) | | |

UMHVERFI FRH.:**Loftslagsyfirsýn / stjórnendur****Einingar****2019**

Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vörupróun

ma. ISK

-

E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

Meðhöndlun úrgangs

Samtals úrgangur

kg

2.057.681

Par af flokkaður úrgangur

kg

1.405.327

Par af óflokkaður úrgangur

kg

651.254

Endurunnið / endurheimt

kg

1.405.267

Urðun / förgun

kg

651.314

Hlutfall flokkaðs úrgangs

%

68.3%

Hlutfall endurunnins úrgangs

%

68.3%

Úrgangskræfni

Úrgangskræfni starfsmanna

tonn/stöðugildi

6,4

Úrgangskræfni veltu

tonn/ma. ISK

58,5

Viðskiptaferðir

Losun vegna viðskiptaferða

tCO2í

24,9

Flug

tCO2í

24,9

Leigubíll

tCO2í

-

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu

Losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu

tCO2í

-

Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?

já/nei

-

Ferðir verktaka

Heildarlosun vegna verktakavinnu

tCO2í

-

Flutningur á vörum og þjónustu

Heildarlosun vegna flutninga á vöru og þjónustu

tCO2í

-

Losun vegna flutninga með flugvélum

tCO2í

-

Losun vegna sjóflutninga

tCO2í

-

Losun vegna flutninga á vegum

tCO2í

-

Heildarlosun vegna verktakavinnu

tCO2í

-

UMHVERFI FRH.:**Helstu orkugjafar bifreiða**

| | Einingar | 2019 |
|-----------------------------------|-----------------|-------------|
| Samtals eldsneytisnotkun í lítrum | lítrar | 32.140 |
| Metan | lítrar | - |
| Bensín | lítrar | 15.136 |
| Dísilólía | lítrar | 16.957 |
| Vetni | lítrar | - |
| Samtals eldsneytisnotkun í kg | kg | 25.765 |
| Metan | kg | - |
| Bensín | kg | 11.352 |
| Dísilólía | kg | 14.413 |
| Vetni | kg | - |

Kolefnisgjöld

| | | |
|----------------------------------|------------|-----------|
| Kolefnisgjald, gas- og dísilólía | ISK/líttra | 10,4 |
| Kolefnisgjald, bensín | ISK/líttra | 9,1 |
| Kolefnisgjald, eldsneyti | ISK/kg | 12,8 |
| Kolefnisgjald, hráólía o.s.frv. | ISK/kg | 11,4 |
| Samtals kolefnisgjald (ESR) | ISK | 314.090,4 |
| Samtals kolefnisgjald (ETS) | ISK | - |

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR:**Launahlutfall forstjóra**

| | Einingar | 2019 |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|-------------|
| Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi | X:1 | - |
| Eru upplýsingar um fyrrgreint hlutfall lagðar fram í skýrslugjöf til stjórnvalda? | já/nei | - |
| S1 UNGC: P6 GRI 102-38 | | |

Launamunur kynja

| | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------|-----|-----|
| Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna | X:1 | - |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar | % | 3,6 |
| S2 UNGC: P6 GRI: 405-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion | | |

Starfsmannavelta

| | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------|---|----|
| Starfsmenn í fullu starfi | | - |
| Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi ár frá ári | % | 94 |
| S2 UNGC: P6 GRI: 405-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion | % | - |

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH.:**Kynjahlutföll**

Starfsmannafjöldi

Hlutfall kvenna í fyrirtækinu

%

36

Byrjenda- og millistjórnendastöður

Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan

%

50

Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda

%

40

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Hlutfall tímabundinna starfskrafta

Stöðugildi

%

100

Heildarfjöldi hlutastarfsmanna sem starfa innan fyrirtækisins

%

-

Heildarfjöldi verktaka og/eða ráðgjafa sem starfa fyrir fyrirtækið

%

-

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

Jafnræði**Einingar****2019**

Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun á grundvelli kynferðis?

já/nei

Já

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Tíðni vinnuslysa

Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna

%

0

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

Heilsa og öryggi

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?

já/nei

Já

Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna

X:1

-

Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna

X:1

-

Fjarvera vegna skammtíma veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna

X:1

-

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

Barna- og nauðungarvinna

Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?

já/nei

Já

Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?

já/nei

Já

Ef svarið er já, nær stefnan til starfsemi birgja og framleiðenda?

já/nei

Já

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR:**Mannréttindi**

Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?

já/nei

Nei

Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?

já/nei

-

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16| SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

STJÓRNARHÆTTIR*:**Fjölbreytni stjórnar**

Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)

%

50

Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)

%

75

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

Sjálfstæði stjórnar

Hefur fyrirtækið lagt bann við að forstjóri gegni starfi stjórnarformanns?

já/nei

Já

Hlutfall óháðra stjórnarmanna

fjöldi

4

G2|GRI: 102-23, 102-22

Launahvatar**Einingar****2019**

Hljóta stjórnendur formlegan hvata til að ná árangri á sviði sjálfbærni?

já/nei

Nei

G3|GRI: 102-35

Kjarasamningar

Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga

X:1

8

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)

Siðareglur birgja

Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?

já/nei

Já

Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?

%

-

G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social

Siðferði og spilling

Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?

já/nei

Já

Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?

%

-

G6|UNGC: P10|SDG: 16|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)

STJÓRNARHÆTTIR FRH:**Persónuvernd**

Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?

já/nei

Já

Hefur fyrirtækið hafist handa við að framfylgja lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga?

já/nei

Já

G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)

ESG skýrslugjöf

Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráskýrslu?

já/nei

Já

Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?

já/nei

-

G8|UNGC: P8

Aðferðir við upplýsingagjöf

Veitir fyrirtækið upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila?

já/nei

Nei

Hefur fyrirtækið einblínt á einhver tiltekin sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs)?

já/nei

Já

Setur fyrirtæki þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?

já/nei

Já

G9|UNGC: P8

Endurskoðun/vottun þriðja aðila

Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?

já/nei

Nei

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56

*Öll gögn undir stjórnarháttum eiga við Festi, móðurfélag Krónunnar nema siðareglur birgja.

UM SKÝRSLUNA

Skýrsla þessi er unnin af starfsmönnum og sérfræðingum á viðkomandi sviðum hjá Krónunni og Festi með aðstoð frá sérfræðingum hjá Podium og AtonJL. Skýrslan nær yfir alla starfsemi Krónunnar og byggir á rekstrarárinu 2019 og er fyrsta formlega skýrsla Krónunnar af þessu tagi. Því eru ekki önnur ár til samanburðar. CO2 uppgjör eru fengin á vef Klappa í samræmi við upplýsingar; fjöldi flugferða var gefinn upp hjá viðkomandi flugfélagi og úr bókhaldi, eldsneytislítrar úr viðskiptamannabók-haldskerfi N1, upplýsingar um sorplosun eru fengnar frá viðkomandi losunaraðila og orku- og vatnsnotkun frá viðkomandi veitum.

SJÁLFBÆRNIUPPGJÖR

Móðurfélagið er skráð á aðallista NASDAQ og er sjálfbærni-uppgjör þetta unnið með hliðsjón af ESG leiðbeiningum NASDAQ á Íslandi og Norðurlöndum, útgefnum í mars 2017. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnu-hópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

ÚTSKÝRINGATAFLA UMBÚÐALAUST BLS. 12

| VARA | PAKKNINGAR |
|---------------------------|---------------------------------|
| Hvítkál | úr plasti allt árið |
| Rauðkál | úr plasti allt árið |
| Appelsínur-Bollo | úr plasti í striga |
| Blómkál | úr plasti |
| Sellerí-rót | úr plasti, enn bundið tímabilum |
| Nípur | úr plasti, enn bundið tímabilum |
| Steinseljurót | úr plasti, enn bundið tímabilum |
| Jarðsokkar | úr plasti, enn bundið tímabilum |
| Kúrbítur | úr plasti, enn bundið tímabilum |
| Rauðrófur | úr plasti |
| Sveppir erlendir 250 g | minna plast (pappabakki) |
| Sveppir erlendir kastaníu | minna plast (pappabakki) |
| Klementínur-lífrænar | minna plast (pappabakki) |
| Klementínur-Bollo | í pappakassa |

ENDIR

